

Sýrena 'Villa Nova'

Syringa sp. 'Villa Nova' [Villosa]



Ætt: Smjörviðarætt – Oleaceae

Blómsæl og harðger sýrena með lillableik blóm.

Lýsing: Meðalstór til stórvaxin runni með léttbyggt vaxtarlag. **Fíngerð blöð**, fallega rauðleit þau yngstu. Ungar greinar áberandi rauðbrúnar og útsveigðar. **Blómstrar** í júlí lillableikum/bleikum ilmandi blómum í stórum opnum klösum, lítið eitt hangandi, blómstilkur rauðbrúnir. Ein af þremur blómsælustu sýrenum í safni Yndisgróðurs ásamt 'Hallveigu' og 'Bríeti'. Verður um 4 m há og 3 m breið. Meðalhæð eftir 5 ár er um 2 m við góðar aðstæður (í yndisgarðinum á Reykjum).

Uppruni: Af einum runna sem gróðursettur var skömmu fyrir 1970 við nýbyggt hús Vilhjálms Sigtryggssonar þáverandi framkvæmdastjóra Skógræktarfélag Reykjavíkur. Talin hafa komið úr garðplöntustöð Jóns H. Björnssonar í Alaska. Var tekin í framleiðslu hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur um 1985. Þar var fljótlega farið að kalla hana 'Villa Nova' til aðgreiningar frá öðrum sýrenum. Yfirleitt er sýrena 'Villa Nova' seld undir heitinu *Syringa josikaea* 'Villa Nova' (Gljásýrena 'Villa Nova') en það skal ekki metið hér hvort slíkt sé réttmætt, yrkisheitið er látið nægja.



Stórir ilmandi blómklasar með lillableik blóm.



Blómstilkur eru áberandi rauðbrúnir og blómklasar lítt hangandi.



Sýrena 'Villa Nova' í Yndisgarðinum á Blönduósi, sumarið 2014, gróðursett 2009.



Sýrena 'Villa Nova' í yndisgarðinum að Reykjum í júlí 2012, gróðursett 2008.

Íslenskt yrki, valið sem úrvalsyrki af yrkisnefnd Yndisgróðurs árið 2013.

Notkun: Hentar vel sem stakstæður runni eða með öðrum smávaxnari runnum á sólríkum stað. Getur hentað sólarmegin í skjólbeltum og trjálundum, eða einn sér til skjólmyndunar og til að hindra sýn inn í garð. Sýrenur henta vel á opnum svæðum og stærri görðum en mætti líka nota sem lítið tré í smáum görðum. Sýrenum ætti að jafnaði ekki að planta þéttara en með 1,5-2,5 m millibili og setja jafnvel smávaxnari runna inn á milli.

Ræktun og harðgeri: Einstaklega nægjusamur runni og líklega ein harðgerasta sýrena sem kostur er á héraendis. Sólelskur en getur þolað léttann skugga sem kemur niður á blómstrun. Þarf vel framræstan frjósaman jarðveg en má ekki standa of þurrt. Er nokkuð vind- og saltþolin. Þrífst vel víða á landinu, löng og góð reynsla hjá Reykjavíkurborg frá um 1990 sýnir að hún er mjög harðger á svæði A, góð reynsla er af henni í öllum klónasöfnum Yndisgróðurs og ætti því að þrífast vel á svæði A, B og C. Skjól fyrir norðanátt er þó mikilvægt til að tryggja góða blómgun. Harðger í uppeldi og í útplöntun.

Umhirða: Umhirða sýrena er einföld, mestu skiptir að atlæti sé gott í upphafi og hún verði ekki fyrir áfalli við gróðursetningu. Ekki þarf að klippa sýrenur mikið, heldur einungis að grisja innan úr runnum og einstaka sinnum að fjarlægja eldri greinar til endurnýjunar. Stórar sýrenur má stofna upp og grisja til að gera úr lítið tré. Sýrenur þola töluverða klippingu en blómstra þá minna fyrsta sumarið á eftir. Þær þola einnig að vera sagaðar niður í um 20-30 cm til endurnýjunar.

Óþrif og skaðvaldar: Sýrenur eru nokkuð lausar við óþrif. Nokkuð þarf á því að kettir klóri og nagi börk þeirra jafnvel runnunum til fjörtjóns. Helsta ráðið við þessu er að búa svo um að kettir komist ekki að stofni runnans t.d. með greinum, girðingu eða þéttum lágvöxnum runnum. Vandamál þetta minnkar vanalega þegar runninn hefur myndað greinaþykki við jörðu.

Fjölgun: Sýrenum er fjölgað með sumar-græðlingum.



Sýrena 'Villa Nova' í Grasagarðinum árið 2008.